

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 29. nóvember 2016 í máli
nr. E-36/2010:

Fallorka ehf.

(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Edda Björk Andradóttir hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 1. nóvember sl. var höfðað 20. janúar 2010.

Stefnandi er Fallorka ehf., Rangárvöllum, Akureyri.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður óbyggðanefndar í máli nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan, sem var kveðinn upp 19. júní 2009, að því er varðar þjóðlendu á landsvæði innan neðangreindra marka:

Frá ármótum Djúpadalsár og Hraunár er hvorri á um sig fylgt til upptaka sinna. Þaðan eru dregnar línur til sveitarfélagamarka Eyjafjarðarsveitar og Hörgárbyggðar, í samræmi við kröfulínur gagnaðila ríkisins, og sveitarfélagmörkum síðan fylgt þar á milli.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á því að innan framangreindra merkja sé engin þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar, en til vara sýknu og að málskostnaður falli niður.

I

Með bréfi dagsettu 29. mars 2007 tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra f.h. stefnda að hún hefði ákveðið að taka til meðferðar tiltekið landsvæði á Norðurlandi, hið sjöunda í röðinni hjá nefndinni. Að ósk ráðherra var umfjöllun skipt, þannig að fyrst yrði einungis syðri hluti þess til meðferðar. Fékk sá hluti, vestanvert Norðurland, syðri hluti, númerið 7A. Fjallaði nefndin um hann og fleira í máli nr. 2/2008, Eyjafjarðarsveit vestan Eyjafjarðarár. Kröfulýsingar stefnda voru sendar óbyggðanefnd 14. mars 2008. Gerði stefndi kröfu um að viðurkennt yrði sem þjóðlenda nánar tiltekið svæði, þ.á m. það sem hér er til umfjöllunar. Nefndin birti tilkynningu um meðferð á svæðinu í Lögbirtingablaði 28. mars 2008 og síðan í fleiri blöðum. Stefnandi sem er þinglýstur eigandi Hvassafellsdals gerði kröfu um að nefndin hafnaði kröfum stefnda og viðurkenndi eignarrétt hans að öllu landi jarðarinnar innan þinglýstra merkja.

Hinn 19. júní 2009 kvað nefndin upp úrskurð í máli nr. 2/2008. Var niðurstaða hennar að á svæðinu ætti að vera þjóðlenda í afréttareign stefnanda, að undanskildum upprekstrarrétti.

II

Stefnandi kveðst telja landið eignarland í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, þar sem eignarland sé skilgreint þannig að eigandi fari með öll venjuleg eignarráð innan þeirra marka sem lög segi til um á hverjum tíma.

Stefnandi kveðst halda því fram að hið umdeilda svæði hafi verið hluti landnáms Helga hins magra og hafi það verið staðfest í úrskurði óbyggðanefndar. Samkvæmt Landnámu hafi Djúpadalslönd, á milli Skjálgdalsár og Háls, fylgt Þóru dóttur Helga, þegar hún hafi verið gefin Gunnari Úlfljótssyni. Þau hafi búið í Djúpadal.

Stefnandi kveðst byggja á því að hið umdeilda land hafi frá öndverðu fylgt jörðinni og notið stöðu jarðar að lögum. Telji hann það hafa verið meginforsendu fyrir niðurstöðu óbyggðanefndar að aðrar jarðir séu á milli umdeilds og óumdeilds lands jarðarinnar Hvassafells. Virðist sem nefndin hafi ekki tekið tillit til þess að hið umdeilda land hafi verið hluti landnámsjarðarinnar Djúpadals, en við landskipti hafi mál skipast þannig að einstakar jarðir innan torfunnar séu tvískiptar og skýrist það af landsháttum. Telur hann að væru landsvæðin ekki aðgreind hefði niðurstaða nefndarinnar orðið sér í hag. Tekur hann fram að raunar virðist svo sem landsvæði, sem hafi verið úrskurðuð þjóðlendur á svæði 7A, séu öll því marki brennd að vera aðskildir hlutar jarða og virðist sem það eitt og sér nægi til þess að land sé úrskurðað þjóðlenda, jafnvel þó heimildir um eignarhald og nýtingu hafi í sumum tilfellum verið að minnsta kosti jafn góðar og þær sem hafi verið til umfjöllunar í máli Hæstaréttar nr. 448/2006, þar sem rétturinn hafi komist að því að Stórhöfði í Mýrdal hafi verið háður beinum eignarrétti sem heiðaland jarðar, allt frá landnámi.

Þá sé í tilfelli Leynings í Eyjafjarðarsveit til dómur frá 1571, þar sem segi um Leyningsdal að „...þessi dalur sem hjá Leyningi liggur og selið í stendur hafi verið haldinn lögleg eign jarðarinnar oft nefnds Leynings aðkallslaust og átölulaust meira en í sextíu ár, eður mun lengur, því allt í guðs nafni amen og eftir þessum vitnum svo og að öllu svo prófuðu máli og fyrir mig komnu þá úrskurða ég nú með ljósum lagaverknað þennan dal er selið frá Leynings jörðu í stendur, löglega eign oft nefndrar jarðar Leynings.“ Segi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 að jörðin Leyningur eigi selstöðu með tilliggjandi landi á Leyningsdal, sem liggja fram frá Villingadalslandi fyrir framan Svartá. Segir stefnandi að sömu tilgreiningu sé að finna í Jarðabókinni um hið umdeilda land, þ.e. selstöðu með tilliggjandi landi. Kveðst stefnandi halda því fram að slík tilgreining taki til þess að landið þar sem selið standi sé beinum eignarrétti undirorpið, sbr. dóm Landsyfirréttar í máli nr. 11/1896 um Hellistungur í Borgarfirði.

Þá kveðst stefnandi einnig vísa til þess að stefndi hafi fallið frá kröfum varðandi Hóladal/Steinsstaðadal undir meðferð máls nr. 3 á svæði 7A, en hann sé aðskilinn frá heimajörðinni af landi Þverár.

Samkvæmt þessu telur stefnandi að úrskurður óbyggðanefndar sé í ósamræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 448/2006, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Stefnandi tekur fram að fyrirbyggjandi heimildir beri allar með sér að hið umdeilda land hafi alla tíð fylgt jörðinni við aðilaskipti og ekki hafi verið gerður greinarmunur á því og öðru landi hennar. Hafi það verið metið til verðs, greidd af því tíund og síðar fasteignaskattur. Sé það afmarkað í landamerkjabréfum sem hafi verið gerð fyrir jörðina og sé því mótmælt að um annað en landamerkjabréf fyrir jörð sé að ræða.

Þá segir stefnandi að óbyggðanefnd virðist ganga út frá því að hið umdeilda landsvæði hafi verið samnotaafréttur frá fornu fari. Kveðst stefnandi mótmæla þessu með vísan til fyrrnefndra gagna, auk svars hreppstjóra Saurbæjarhrepps við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 1990, sem og skrá yfir afrétti í Saurbæjarhreppi sem liggja frammi í málinu. Ekkert í þessum gögnum bendi til þess að um samnotaafrétt hafi verið að ræða, heldur þvert á móti.

Einnig segir stefnandi að óbyggðanefnd vísi til þeirra almennu röksemda að hið umdeilda land sé misjafnlega gróið og hluti þess sé gróðursnautt. Kveðst hann minna á að staðhættir og gróðurfar sé með öðrum hætti en þegar landið hafi verið tekið til eignar.

Þá segir stefnandi að litið hafi verið til þess í sambærilegum málum að réttmætar væntingar eiganda um eignarrétt sinn, eins og þær sem að framan greini, njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Verði eigandi ekki sviptur þeim fjárhagslegu hagsmunum sem nánar greini í umræddum eignarréttarákvæðum.

Athugasemdir við frumvarp sem hafi orðið að lögum nr. 58/1998 beri skýrlega með sér að það hafi ekki verið ætlun löggjafans að svipta landeigendur eignarheimildum sem þeir hafi aflað og notið athugasemdalaust um aldalangt skeið, með því að gera þeim að sýna fram á órofna sögu eignarréttar frá landnámi og láta þá bera hallann af vafa um þetta efni.

Hið umdeilda land hafi fengið staðfestingu opinberra aðila, bæði Fasteignamats ríkisins og sýslumannsins á Akureyri, á því að það sé undirorpið beinum eignarrétti. Þannig hátti til að árið 2005 hafi Hvassafellsdalur verið skilinn frá öðru landi Hvassafells með útgáfu og þinglýsingu stofnskjals, en ekki sé gert ráð fyrir því í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og þinglýsingalögum nr. 39/2009, að með stofnskjali sé stofnað annars konar land en fullkomið eignarland. Hafi Hvassafellsdalur samhliða útgáfu stofnskjals fengið sérstaka síðu í fasteignabók sýslumanns og sérstakt fasteignamat til grundvallar fasteignaskatti. Síðan hafi landið verið selt stefnanda fyrir 8.000.000 króna.

Stefnandi telur að með háttsemi sinni hafi opinberir aðilar skapað hjá honum réttmætar væntingar um að landið sem hann hafi keypt sé fullkomið eignarland. Njóti hinar réttmætu væntingar hans sérstakrar verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar og annarra mannréttindaákvæða.

Stefnandi hafi þannig í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti og hafi aðgerðir stefnda fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Samkvæmt öllu framangreindu sé þeir annmarkar á úrskurði óbyggðanefndar að varði ógildingun hans.

Stefnandi kveðst byggja á því að lög nr. 58/1998 verði ekki skýrð á þá leið að hann þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði sé eignarland og þar með utan þjóðlendu. Ekki ráði úrslitum í þessu máli þótt víða í heimildum sé notað orðið afréttur um hið umdeilda land. Afréttur geti verið heimaafreitur og ekki eingöngu notaður til sumarbeitar sauðfjár. Þá ráði ekki úrslitum um eignarhald þótt land sé aðeins notað til sumarbeitar.

Stefnandi kveðst vísa til þess að stefndi hafi ekki sýnt fram á að hann eigi nokkurn rétt til umrædds landsvæðis. Til að stefndi geti öðlast þann rétt sem sé skilgreindur í þjóðlendulögum verði að sýna fram á að heimildir um landamerki séu rangar og sömuleiðis þinglesnar landamerkjaskrár, en það hafi hann á engan hátt gert. Þá þurfi stefndi að sýna fram á að afréttur sé samnotaafreitur en ekki einkaafreitur eða hluti jarðar, sem hann hafi ekki gert og hafi það mikið að segja við ákvörðun um inntak eignarréttarins.

Stefnandi kveðst byggja á því að verði eignarréttur hans ekki viðurkenndur á grundvelli þinglýstra eignarheimilda hafi hann öðlast eignarrétt að hinu umdeilda landsvæði fyrir hefð og vísar hann til 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 46/1905. Stefnandi og fyrri eigendur hafi í góðri trú haft öll umráð landsins í aldaðir. Fullnægt sé öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir jörðinni, að hefð hafi unnist, sbr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Með hliðsjón af afstöðu eigenda á hverjum tíma og nýtingar þeirra verði að telja að sú hefð hafi verið til eignar á landinu en ekki aðeins náð til takmarkaðra afnota eða ítaksréttinda.

Stefnandi vísar til 25. og 26. gr. laga nr. 39/1978, 72. gr. stjórnskipunarlaganna, sbr. 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá er vísað til óskráðra reglna eignarréttar um beinan eignarrétt, 1. gr. laga nr. 58/1998 og 1. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki, sbr. eldri lög um sama efni. Þá er vísað til laga nr. 14/1905, venjuréttar, meginreglna einkamálaréttarfars um sönnunargildi dóma, sbr. nú 116. gr. laga nr. 1991 og málsmeðferðarreglna stjórnarsýsluréttar, sbr. lög nr. 37/1993.

III

Stefndi kveðst aðallega byggja á því að Hvassafellsdalur sé svæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlenda í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Telur hann ljóst af heimildum að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti og að nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti. Hvíli sönnunarbyrði á stefnanda um annað.

Þá tekur stefndi fram að óbyggðanefnd hafi byggt úrskurð sinn á umfangsmikilli upplýsingaöflun og rannsóknum. Sé niðurstaðan byggð á kerfisbundinni leit nefndarinnar að gögnum og á framlögðum skjölum frá málsaðilum. Þá hafi verið byggt á skýrslum sem hafi verið gefnar fyrir nefndinni.

Hafi óbyggðanefnd talið að svæðið væri þjóðlenda og úrskurðað að

Hvassafellsdalur væri í afréttareign stefnanda, að upprekstrarrétti undanskildum. Kveðst stefndi styðja sýknukröfu við niðurstöður nefndarinnar auk annarra málsástæðna sinna.

Stefndi vísar til þess að fyrir hendi sé landamerkjabréf fyrir Hvassafell, dagsett 16. janúar 1883. Þar sé merkjum jarðarinnar lýst og síðan segi að undir jörðina heyri fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell. Við mat á gildi slíkra bréfa beri að gæta að því að þau feli fyrst og fremst í sér sönnun um mörk milli eigna, en í því felist á engan hátt að allt land innan merkja skuli vera óskorað eignarland. Þrátt fyrir að bréfinu hafi verið þinglýst, sé ekki hægt að þinglýsa meiri rétti en viðkomandi eigi. Með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað einhliða aukið við land sitt eða annan rétt, sbr. m.a. niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 48/2004.

Þá segir stefndi að almennt skipti það máli hvort um sé að ræða jörð í eignar réttarlegum skilningi, eða annað landsvæði. Þekkt sé að landamerkjabréf hafi ekki eingöngu verið gerð fyrir jarðir, heldur einnig önnur svæði, svo sem afréttarsvæði, sem ekki tengist sérstaklega tiltekinni jörð. Almennt feli landamerkjabréf fyrir jörð í sér ríkari sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða, þó með hliðsjón af eldri heimildum, enda verði við slíkt mat að meta gildi hvers landamerkjabréfs sérstaklega. Við mat á gildi landamerkjabréfsins verði að horfa til þess að ágreiningssvæðið sé landfræðilega aðskilið frá jörðinni Hvassafelli. Telur stefndi að slíkt dragi úr líkum á að hið aðskilda svæði sé háð beinum eignarrétti. Í sama landamerkjabréfi kunni að vera afmarkað annars vegar svæði sem sé háð beinum eignarrétti og hins vegar afmörkun á svæði með takmörkuðum réttindum.

Þá bendir stefndi á að því sé ekki lýst í Landnámu hversu langt inn til lands landnám á þessu svæði hafi náð. Verði að teljast ólíklegt að umdeilda svæðið hafi verið numið í öndverðu, einkum með hliðsjón af staðháttum, gróðurfari, víðáttu og því að það er hálent.

Í samræmi við dómafordæmi teljist heimildarskortur um þetta leiða til þess að álitid verði ósannað að heiðalönd eða öræfasvæði hafi verið numin í öndverðu.

Verði af dómafordæmum ráðin sú regla að sé deilt um upphaflegt nám lands verði aðeins stuðst við glöggar landfræðilegar heimildir, en heimildarskortur leiði til þess að álitid verði ósannað að slík svæði hafi verið numin í öndverðu. Hvíli sönnunarbyrðin um slíka stofnun eignarréttar á þeim sem haldi henni fram.

Ekki verði annað ráðið af heimildum en að svæðið hafi eingöngu verið nýtt með afar takmörkuðum hætti. Þá sé Djúpidalur sunnan Djúpadalsár þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar.

Verði talið að svæðið hafi verið numið í öndverðu hafi það ekki verið numið til eignar, heldur eingöngu til takmarkaðra nota, svo sem afréttarnota. Frá upphafi Íslandsbyggðar hafi menn ekki eingöngu helgað sér landsvæði sem hafi verið háð beinum eignarrétti, heldur einnig ítök, afrétti og öll önnur réttindi sem einhverja þýðingu hafi getað haft fyrir afkomu þeirra. Meðan landsvæði hafi gefið eitthvað af sér hafi legið hagsmunir til að halda við merkjum réttindanna, hvers eðlis sem þau hafi verið.

Verði hins vegar talið að svæðið kundi að hafa að hluta eða öllu leyti verið innan landnáms eða undirorpið beinum eignarrétti, kveðst stefndi byggja á til vara, að allar líkur séu á því að slíkt eignarhald hafi fallið niður, en svæðið hafi verið tekið til takmarkaðra nota, svo sem afréttarnota. Þó að talið yrði að til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu, liggja ekkert fyrir um að sá réttur hafi haldist í gegnum aldirnar.

Stefndi kveðst byggja á því að staðhættir og fjarlægð frá byggð bendi til þess að landið hafi ekki verið numið í öndverðu eða teljist lúta beinum eignarrétti. Það liggja allt í yfir 300 metra hæð fyrir sjávarmáli og rísi skarpt í Hvassafellshnjúk (1203 m), sem standi milli Djúpadalsár og Hraunár. Hvassafellsdalur sé vestan fyrrnefndu árinna og austan eða suðaustan hnjúksins.

Engin gögn sé um það að finna að svæðið hafi nokkru sinni verið nýtt til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Segist stefndi álíta að sá háttur sem hafi verið hafður við fjallskil geti ekki einn og sér haft þýðingu við mat á eignarréttarlegri stöðu svæðisins, enda verði við mat á því jafnframt að horfa til annarra heimilda sem varði svæðið. Af þeim verði ekki annað ráðið en að það hafi frá öndverðu eingöngu verið nýtt til takmarkaðra nota, afréttarnota. Þótt það kundi eftir atvikum að hafa talist tilheyrta Hvassafelli, þá hafi ekki í þeirri tilheyrslu falist annað og meira en tilheyrsla á afnotaréttindum, eftir atvikum fullkominni afréttareign, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1988. Beri jafnframt að líta til þess að það sé ekki afgirt og þangað hafi búfénaður getað leitað frá öðrum án hindrana.

Stefndi segir að eldri heimildir bendi eingöngu til afréttarnota. Vísar hann einkum til Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, sem bendi eindregið til þess að um sé að ræða svæði sem sé háð óbeinum eignarrétti. Þar segi í umfjöllun um Hvassafell að jörðin eigi selför með tilliggjandi landi fram á Djúpadal, sem sé allur dalurinn vestan fram heim í Hrauná og brúkist árlega og sé í nokkuð lengra lagi. Þannig virðist ekki hafa verið litið á svæðið sem hluta af jörðinni, heldur landsvæði til selfarar. Í jarðamati 1849 segi að Hvassafelli fylgi afréttur í hálfum Hraunárdal sem kallist Hvassafellsdalur og sé þar selstaða frá Hvassafelli. Þá segi einnig að dalurinn sé með bestu afréttum þarna, en sé ekki stærri en fyrir heimilið. Í lýsingu Hvassafells 17. maí 1909 komi fram að undir jörðina liggja afrétt, sem notuð sé til upprekstrar og sumpart fyrir búfjárhaga á sumrin. Í fasteignamati 1916-1918 komi fram að undir Hvassafell liggja afréttarlandið Hvassafellsdalur, sem sé nægilegur fyrir fé og tryppi jarðarinnar.

Stefndi kveðst telja að þessar heimildir bendi ótvírætt til þess, að umrætt svæði sé ekki háð beinum eignarrétti, heldur sé þar um að ræða þjóðlendu, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998, sem að hluta til sé háð takmörkuðum eignarrétti stefnanda, sbr. c-lið 7. gr. sömu laga.

Þá kveðst stefndi mótmæla því að nokkur sönnun sé fram komin fyrir því að fasteignamöt og jarðamöt, sem hafi verið grundvöllur álagningar tíundar og fasteignaskatta vegna Hvassafells, hafi verið við það miðuð að Hvassafellsdalur væri háður beinum eignarrétti. Í því sambandi sé á það bent að dæmi hafi verið um það að beutiland jarða hafi verið metið sérstaklega til tíundar og að afréttur

einstakra jarða hafi í sumum tilvikum verið reiknaður með í jarðamati, einkum ef þær hafi haft tekjur af upprekstrartollum. Þá kveðst stefndi gera athugasemdir við túlkun stefnanda á úrskurði óbyggðanefndar í þá veru að af honum megi ráða að nefndin gangi út frá því að svæðið hafi verið samnotaafréttur frá fornu fari. Kveðst stefndi benda á að niðurstaða nefndarinnar sé þvert á móti sú að það sé í afréttareign stefnanda að upprekstrarrétti frátöldum. Kveðst stefndi ekki gera athugasemd við þá niðurstöðu.

Þá verði ekki talið að skilyrði eignarhefðar séu fyrir hendi, m.a. með vísan til framanritaðra sjónarmiða um nýtingu lands, staðhætti og eldri heimildir. Í aldanna rás hafi svæðið verið nýtt með afar takmörkuðum hætti, svo sem til sumarbeitar fyrir sauðfé. Hefðbundin afréttarnot eða önnur takmörkuð nýting lands geti hins vegar ekki stofnað til beinna eignarréttinda yfir landi.

Þá kveðst stefndi hafna því að réttmætar væntingar geti verið grundvöllur fyrir eignarréttartilkalli á svæðinu, þegar svo hátti til að heimildir, staðhættir, gróðurfar og nýting lands bendi ekki til beins eignarréttar. Landslög þurfi til ráðstöfunar fasteigna ríkisins. Athafnir eða athafnaleysi starfsmanna stjórnisýslunnar geti ekki leitt af sér slík yfirráð nema sérstök lagaheimild hafi verið fyrir hendi, þar með talið að þjóðlenda hafi verið látin af hendi. Réttmætar væntingar geti því ekki stofnast á þeim grundvelli sem haldið sé fram. Þar að auki verði væntingarnar einnig að vera réttmætar. Geti menn ekki vænst þess að öðlast meiri og frekari réttindi en þeir geti mögulega átt rétt á.

Ef svo hátti til, líkt og hér, að m.a. heimildir, staðhættir, gróðurfar og nýting lands bendi ekki til beins eignarréttar, geti réttmætar væntingar ekki stofnað til slíkra réttinda.

Þinglýsing heimildarskjals feli ekki í sér sönnun um tilvist beins eignarréttar, sbr. þá meginreglu eignarréttarins að menn geti ekki með eignayfirfærslugerningi öðlast betri rétt en seljandi hafi átt.

Með vísan til framangreindra málsástæðna kveðst stefndi telja að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á eignarrétt sinn að Hvassafellsdal. Einstakir hlutar þessa svæðis séu misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taki þó breytingum og séu ekki endilega samfelld. Hvassafellsdalur sé því landsvæði sem að staðaldri hafi verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Stefndi vísar til almennra reglna eignarréttar, nánar greindra meginreglna hans og til þjóðlendulaga nr. 58/1998. Þá vísar hann til 72. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944, hefðarlaga nr. 14/1905 og laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni og fjallskil, svo og ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

IV

Ekki er ágreiningur milli aðila um afmörkun svæðisins sem þetta mál varðar.

Eins og segir í úrskurði óbyggðanefndar er Djúpadals getið í Landnámu. Er rakið hér að framan að Djúpadalslönd milli Skjálgdalsár (sem nú heitir Skjöldalsá) og Háls hafi fylgt Þóru dóttur Helga magra er hún var gefin Gunnari Úlfjótssyni. Verður að miða við að svæðið sem þetta mál tekur til hafi verið hluti þessa landnáms, en hins verður að gæta, sem einnig kemur fram í úrskurði

óbyggðanefndar að ekkert liggur fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til og að beinn eignarréttur kann að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið verið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Hér að framan er getið dóms Orms Sturlusonar frá 1571. Fallast má á það með stefnanda að langlíklegast verði að telja að þar sé fjallað um Leyningsdal, sérstaklega með tilliti til þess að þar er vísað til selsins frá Leyningsjörð, sem í honum standi. Þótt Ormur úrskurði þarna dalinn löglega eign Leynings, verður að líta til þess að ekki verður á því byggt að þar hafi verið um meira en afnotaréttindi að ræða, þ.e. selstöðu og beitarréttindi, einkum þegar litið er til yngri heimilda.

Þannig segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns að jörðin eigi selstöðu með tilliggjandi landi á dalnum, en hafi ekki verið notuð í mörg ár nema til beitar. Verður dómur Orms ekki talinn hafa sérstakt fordæmisgildi um þetta svæði.

Þótt Djúpadalslönd kunni að hafa verið numin sem ein heild í öndverðu verður ekki fram hjá því horft að það skiptir máli að það svæði sem hér er deilt um er nú aðskilið frá landi jarðarinnar Hvassafells og hefur svo verið lengi. Hefur það ekki verið til annarra nota eftir að hætt var að hafa í seli, en til sumarbeitar fyrir búfé.

Hér að framan er rakið hvað segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 um að Hvassafell eigi selför með tilliggjandi landi fram á Djúpadal, svo og tilvitnanir í jarðamöt og lýsingu Hvassafells, þar sem rætt er um afrétt á Hvassafellsdal. Verður þetta talið benda til afréttarnota, fremur en beins eignarréttar.

Í landamerkjabréfi Hvassafells frá 1883 segir að undir jörðina heyri fjallið milli Djúpadalsár og Hraunár fyrir framan Kambfell. Fallast verður á það með stefnda að við mat á gildi slíkra bréfa verði að líta til þess að þau feli fyrst og fremst í sér lýsingu á merkjum, en í því felist ekki að allt land innan merkja sé óskorað eignarland. Þegar þetta er virt og litið til orðalags fyrrnefndra heimilda um selför og afrétt, verður að fallast á það að bréfið sé ekki sönnun um beinan eignarrétt að Hvassafellsdal.

Þegar þetta er virt verður fallist á það með stefnda að ekki hafi verið sýnt fram á að svæðið hafi haft stöðu jarðar að lögum. Þá verður ekki fallist á að beinn eignarréttur að því hafi unnist með hefð, miðað við þau takmörkuðu not sem stefnandi og fyrri eigendur hafa haft af því.

Hér að framan er rakið að stofnskjal var gert fyrir Hvassafellsdal og hann síðan seldur stefnanda. Þótt sýslumaður hafi þinglýst stofnskjali og svæðið hafi verið gert að sérstökum matshluta í fasteignamati, verður stefndi ekki talinn bundinn af því. Gat seljandi svæðisins ekki afsalað betri rétti en hann átti til þess og stofnaðist ekki fullkominn eignarréttur til handa stefnanda við þetta. Ekki er heldur unnt að fallast á að stefnandi hafi mátt hafa réttmætar væntingar til að hann ætti að því beinan eignarrétt, þegar litið er til staðháttar, gróðurfars og nýtingar svæðisins. Verður að líta svo á að svæðið sé landsvæði utan byggðar, sem að staðaldri hafi verið notað til sumarbeitar fyrir búfé, þ.e. afréttur í skilningi 1. gr.

laga nr. 58/1998. Stefndi unir þeirri niðurstöðu að það sé í afréttareign stefnanda.

Samkvæmt þessu verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður. Um gjafsóknarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

Erlingur Sigtryggsson kveður upp dóminn.

DÓMSORÐ

Stefndi, íslenska ríkið, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Fallorku ehf. í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin gjafsóknarlaun lögmanns hans, Friðbjörns E. Garðarssonar hrl., 900.000 krónur.